

Föstudaginn 29. nóvember 1974.

Nr. 101/1974: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristni Karlssyni

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sak-sóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Kristján Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. M. a. hefur Gísli Pálsson lögreglumaður, er samdi frumlögregluskýrslu þá, sem reifuð er í héraðsdómi, komið fyrir dóm, staðfest skýrsluna og unn-ið heit að því, að hún sé rétt. Þá staðfesti Sigurður B. Sigurðs-son bifreiðæftirlitsmaður skoðunarskýrslu sína, og var hann heitfestur. Enn skýrði Rut Ollý Sigurbjörnsdóttir, sem var farþegi í bifreið ákærða, frá því í eiðvætti, að ákærði hefði ekið mjög hægt í umrætt skipti, og kvaðst hún ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Loks kom fyrir dóm Sigurður Hlíðar Guðmundsson, er ók bifreið þeirri, sem ákærði lenti í árekstri við. Vann hann eið að framburði sínum. Kvað vitnið ákærða hafa verið „eins og hann hafi verið vankaður“, eftir að árekstur varð. Taldi vitnið sig „hafa fundið áfengisþef af nefndum öikumanni“, eftir að árekstur varð.

Atferli ákærða er réttilega fært til refsíákvæða í héraðs-dómi, og er refsing hans þar hæfilega ákveðin með vísan til 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Dómi sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1968, sem greindur er í héraðsdómi, var breytt hinn 13. nóvember 1968 með náð-un í 7.500 kr. sekt. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem ákærði er dæmdur sekur um í þessu máli og framið

var 19. júní 1973. Samkvæmt því og með vísan til 3. málsg. 81. gr. umferðarlaga, 1. málsg. 24. gr. áfengislaga og 3. málsg. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi sínu, en ákærði hefur þegar sætt ökuleyfissviptingu í 15 mánuði vegna brots þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar annan en saksóknarlaun, en af hálfu ákærvalds er fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu þeirra. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi prófað ákærða sjálfstætt um sakarefni, shr. 77. gr. laga nr. 73/1973.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Kristins Karlssonar, á að vera óraskað. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, annan en saksóknarlaun, svo og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 5. desember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af saksóknara ríkisins með útgáfu ákæruskjals 5. október 1973 á hendur Kristni Karlssyni múrara, Lundarbrekku 8, Kópavogi, fæddum 22. október 1919 á Ólafsfirði, fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 19. júní 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 3079 frá húsi við Melhaga í Reykjavík áleiðis að Fálkagötu 1 og aka svo óvarlega eftir Hagamel á gatnamótum Hofsvallagötu, þar sem ákærði átti biðskyldu, að bifreið hans rakst á bifreiðina R 29975, sem ekið var niður Hofsvallagötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr.,

1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24 gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt lögregluskýrslu var þriðjudaginn þann 19. júní 1973, klukkan 0039, tilkynnt símleiðis á lögreglustöðina í Reykjavík, að árekstur hefði orðið á mótum Hofsvallagötu og Hagamels þá skömmu áður.

Lögregluþjónn nr. 154 ásamt lögregluþjónum nr. 124 og 151 fóru á staðinn. Þarna hafði orðið árekstur með bifreiðunum R 22975, sem ekið var suður Hofsvallagötu, aðalbraut, og Y 3079, sem ekið var austur Hagamel.

Ökumaður bifreiðarinnar R 22975 kvaðst hafa ekið suður Hofsvallagötu. Ekki kvaðst hann geta sagt til um hraðann. Hann kvaðst hafa orðið var bifreiðarinnar Y 3079, þar sem henni var ekið austur Hagamel. Kvaðst hann hafa séð, að úr hraða bifreiðarinnar var dregið, og taldi hann ökumann stöðva við gatnamótin. Þegar hann sá, hvað verða vildi, kvaðst hann hafa hemlað, en ekki getað forðast árekstur.

Ökumaður bifreiðarinnar Y 3079 kvaðst hafa ekið austur Hagamel á litlum hraða. Ekki kvaðst ökumaður hafa stöðvað við gatnamótin, taldi sér óhætt að aka yfir. Kvaðst hann ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 22975. Hann kvaðst hafa ekið yfir gatnamótin án þess að stöðva og ekki vitað fyrir til en bifreiðin R 22975 lenti á vinstri hlið bifreiðar sinnar og kastað henni til.

Ökumaður bifreiðarinnar Y 3079 kvaðst hafa verið með farþega í bifreið sinni, er óhappið varð. Við höggið kvaðst hann hafa kastast á farþegann, Rut Sveinbjörnsdóttur, og farþeginn síðan út úr bifreiðinni og ökumaður á eftir. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni, að Rut kenndi til í höfði, og var hún flutt á slysadeild Borgarspítalans með sjúkrabifreið skömmu síðar. Fékk hún skurð á höfuð, en að lokinni rannsókn fékk hún að fara.

Þá fóru á vettvang tveir menn frá rannsóknarlögreglunni og einn frá Bifreiðaeftirlitinu. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R 22975 voru hægra framljós brotið, höggvari, grill og vélarhlíf ásamt hægra aurbretti mikið skemmt. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni Y 3079 voru vinstri hlið mikið skemmd og brotin. Framrúða brotin úr. Báðar voru bifreiðarnar í óökuhæfu ástandi eftir óhappið og fluttar á brott með kranabifreið. Bifreiðin R 22975 var

flutt á bifreiðastæði við Faxaskjól 24, Reykjavík, en bifreiðin Y 3079 á yfirráðasvæði Vöku, en kveikjulaslykill í vörslu varðstjóra.

Þar sem annar lögregluþjónanna fann megnan áfengisþef leggja frá vitum ökumanns bifreiðarinnar Y 3079, Kristni Karlssyni, fóru því lögreglumennirnir nr. 124 og 154 á slysadeild Borgarsjúkrahússins og beiddust blóðtöku af ökumanni til rannsóknar vegna gruns um ölvun við akstur, og var blóðsýnið merkt nr. 411 hjá lögreglunni í Reykjavík.

Niðurstaða blóðrannsóknarinnar lá fyrir 26. júní 1973 og sýndi magn alkóhóls í blóði ákærða 1.17‰.

Hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst ökumaður bifreiðarinnar R 29975 rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni. Þá kvaðst hann ekki hafa getað betur séð en ökumaður hinnar bifreiðarinnar hefði verið að nema staðar við gatnamótin, en svo hafi hann aukið ferð aftur, og kvaðst hann þá hafa nauðhemlað, en það ekki nægt, þar sem hann hafi þá verið kominn svo nærri, og árekstur orðið. Þá kvað hann hinn ökumanninn hafa farið gangandi á brott af staðnum, en verið hindraður í því af vegfaranda. Inni í lögreglu-bifreiðinni kvaðst hann hafa fundið áfengisþef af ákærða.

Hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði hafa farið þetta kvöld í Naustið og neytt þar áfengis, sem var genever, úr tveimur glös-um, og í hvoru þeirra var tvöfaldur „sjúss“, blandaður með coka-cola. Er hann kom að veitingahúsinu, um klukkan 2200, skildi hann bifreiðina eftir á stæði við Garðastrætið. Dvaldist hann í veitingahúsinu í ca. 1-1½ klukkustund. Hann kvaðst tæplega hafa merkt það, að hann fyndi til áfengisbreytinga í umrætt sinn, en gat þess, að kvöldið áður neytti hann áfengis, og taldi sig mun betur á sig kominn með áfengisneyslu þetta kvöld en það fyrra. Þegar samkomunni lauk, fór hann að bifreiðinni ásamt Rut, og ákváðu þau að fara heim til ákærða. Á heimleiðinni varð áreksturinn, og taldi ákærði, að áfengisneyslan hefði ekki átt sök á því, sem fyrir kom, heldur hafi hann truflast við aksturinn vegna sam-ræðna hans við Rut.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, niðurstöðu alkóhól-rannsóknar svo og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur áður sætt kærnum og refsingum sem hér segir: Fjórum sinnum gert sátt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga, einu

sinni fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952 og einu sinni fyrir brot gegn 51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga, frá 1950 til 10. ágúst 1973. 1968 9/7 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur öku-
leyfi í 15 mánuði frá 8. maí 1967.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum í 15 mánuði frá 19. júní 1973 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Karlsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 15 mánuði frá 19. júní 1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
